

96. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 10. júlí, kl.17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eyþórsdóttir, Berglind Þorbergsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá

1. Trausti Tryggvason Silfurgötu 41 sækir um að staðsetja létt gróðurskýli á lóðinni sbr. tillöguteikningar dags. 5. 06
Erindi frestað.
2. Skipavík ehf / Sævar Harðarson sækir um að endurklæða þak og veggj á Víkurgötu 2 og hækka mæni á bílskúr um 30 sm.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
3. Unnur Steinsson og Ásgeir Ásgeirsson sækja um að endurnýja og stækka skjólgirðingu og pall við Skólastíg nr. 8 í samráði við Jon Nordstein arkitekt.
Erindi samþykkt með fyrirvara um að hæð og útlit verði í samráði við byggingarfulltrúa. Gjöld samtals kr. 3000.-.
4. Kristján Lárentsínusson og Þórhildur Pálsdóttir sækja um að byggja hús að Hjallatanga 32, samkvæmt teikningum frá Al Hönnun ehf/ Runólfi Þ. Sigurðssyni dags. 06.07.'07. Stærðir: 239,5 m², 892,3 m³.
Erindi samþykkt með fyrirvara um að teikningar verði lagfærðar í samræmi við athugasemdir. Gjöld samtals kr.
5. F.h. Stykkishólmsbæjar / Hrannar Pétursson sækir um leyfi fyrir byggingu á tveimur landsstólpum á hafnarsvæði, samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu E.K. dags júní 2007.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
6. UMF. Snæfell /Hjörleifur K. Hjörleifsson óskar eftir að staðsetja flöskugám nálægt bensinstöð samkv. bréfi dags. 9.07.'07.
Samþykkt að veita stöðuleyfi á gám. Staðsetning á gám skal vera ákveðin í samráði við byggingarfulltrúa. Gjöld samtals kr. 6000.-

7. Agnar Svavarsson / Vélsmiðju Agnars óskar eftir að endurnýja fyrirtækjaskilti sem staðsett er við Nesveg nr. 13 samkvæmt bréfi dags. 8.07.'7.
Erindi samþykkt með fyrirvara á að skilti sé í samræmi við reglugerð um skilti. Gjöld samtals kr. 3000.-
8. Skipavík /Sævar Harðarson sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi að Arnarborg nr. 2 , samkvæmt teikningum frá Glámu / Kím dags. 18.06 2007. Stærðir: 94,7 m², 304,6 m².
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.
9. Bæring Bjarnar Jónsson f.h. Skipavík , sækir um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Nesvog samkvæmt skipulagsuppdraetti frá teiknistofunni Glámu / Kím n.'07.
Nefndin samþykkir að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 26. gr skipulags- og byggingarlaga.
10. Aukin umferð við Bókhöðustíg.
Nefndin leggur til að sett verði upp botngötumerki við götu og að umferð hópferðabifreiða verði bönnuð.
11. Samkeppni um götuheiti á athafnasvæði 2A. Umslög með tillögum frá íbúum lögð fram og opnuð. Eftirfarandi tillögur bárust :
***Arnarvegur** (Róbert Jörgensen), **Arnarholt** sbr. Arnarborg (Róbert Jörgensen), **Trönuholt** (Róbert Jörgensen), **Skreiðaholt** (Róbert Jörgensen), **Trönuendi** sbr. Hamraendi (Róbert Jörgensen), **Hamraborg** sbr. Hamraendi og Birgisborg (Ægir Jóhannsson), **Athafnabraut** (Daði Sigurþórsson), **Trönu slóð**, nafnið vísar til þess að á þessum slóðum voru trönur eða hjallar. (Ellert Kristinsson).
*Erindi vísað til bæjarstjórnar.**
12. Önnur mál
 - 12.a. Þorbergur leggur til að Stykkishólmsbær hafi forgögu um að ræktunarsvæði við Borg og lóð við sýslumannshól Aðalgötu 7 verði hirt.
 - 12.b Þorbergur árettar að gengið verði frá aukabilastæðum á lóð og aðkomu frá Borgarbraut að neðanverðu við Laufásveg 31- 41 sbr.eldri samþykktir. Einnig leggur hann til að eigandi fasteignanna hvetji leigendur til að leggja bílum á neðanverðri lóðinni.
 - 12.c Ásgeir Gunnar leggur til að skoðaður verði möguleiki á að hafa íbúðir fyrir aldraða á efri hæð lóðar nr. Aa við Laufásveg á deiliskipulagi miðbæjar.
 - 12.d Nefndin leggur til að birt verði auglýsing um leyfisskyldar framkvæmdir í bænum.

B.V.

